



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Glerárgötu 26, 600 Akureyri · Símar: 462 4431 og 460 1184 · Bréfasími: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is  
Húsavíkudeild · Ketilsbraut 22, 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Bréfasími: 464 1395 · Netfang: oggi@hne.is

**Alþingi**

**Erindi nr. P 132/409**  
**komudagur 5.12.2005**

Akureyri, 5-12-2005

Umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Einnig sent í tölvupósti.

**Efni: Umsögn um 314. mál, frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, úttekt faggilts aðila.**

**Umsögn: Þó hér sé aðeins um að ræða heimild til ráðherra tel ég um algjörlega óþarft ákvæði sé að ræða og andmæli því þeirri breytingu sem í frumvarpinu felst.**

Greinargerð:

Hér er um að ræða ákvæði sem felur í sér að verið er að grípa fram fyrir hendurnar á heilbrigðisnefndum landsins en samkvæmt 13. gr. laganna (7/1998) ber heilbrigðisnefndum að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessarra og reglugerðum settum samkvæmt þeim og eins ákvæðum í sérstökum lögum sem nefndunum er eða verður falið að fylgjast með.

Heilbrigðisnefndirnar hafa heilbrigðisfulltrúa sem starfsmenn sína, og eingöngu má ráða þá til starfa hafi þeir fengið leyfi umhverfisráðherra til starfans ( sbr. 15. gr.).

Samkvæmt 24. gr. laganna er heilbrigðisnefndum heimilt að fela vissa þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum.

Þá tel ég að með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér sé verið að hlutast um of um hvernig fyrirtæki sinna sínu innra eftirliti, en innra eftirlit er samkv. skilgreiningu í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, **eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi framkvæmt af starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða reglugerðum séu uppfylltar.**

*Eðlilegra væri að þessi skilgreining væri sett inn í lög, nr. 7/1998.*

Samkvæmt þessari skilgreiningu tel ég að “aðalskoðun” í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leikvallasvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002, sé ranglega flokkuð sem innra eftirlit. Hér er um að ræða stjórnvaldsákvörðun (tilskipun) sem ekki er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi.

Það að ráðuneyti feli þetta eftirlit faggiltum skoðunaraðila beint í reglugerð er ekkert annað en einkavæðing á eftirliti þar sem gripið er inn í áður nefnd ákvæði 13. gr. um verkefni heilbrigðisnefnda.

Ef í ljós koma, við úttekt faggilts aðila, svo alvarlegir ágallar að grípa þurfi til þvingunaraðgerða til að fá úr því bætt, þá kemur það í hlut heilbrigðisnefndar að krefjast úrbóta og grípa til aðgerða verði ekki við þeim kröfum brugðist.

Þarna álit ég að verið sé að bæta inn einum eftirlitsaðila í viðbót með tilheyrandi kostnaði.

Vilji ráðherra skerpa á kröfum til heilbrigðisfulltrúa þá hefur hann heimild til þess í 22. grein téðra laga, til dæmis með því að ákveða að heilbrigðisfulltrúar fái faggildingu á sérstökum sviðum t.d. leiktækjaeftirliti.

Vilji heilbrigðisnefnd ekki kosta því til er henni í lófa lagið að beita 24. gr. og ráða faggiltan aðila til verksins.

Ekkert í starfi eða árangri heilbrigðiseftirlits gefur ástæðu til að vantageysta heilbrigðisnefndum landsins. Þær hafa yfir að ráða mjög vel menntuðu starfsfólki og hafa náð góðum árangri í starfi. Þar sem um fyrirbyggjandi starf er að ræða er árangurinn ekki alltaf sýnilegur en það sést ef starfið skilar ekki árangri.

Sem dæmi má nefna árangur í matvælaeftirliti:

Í Bandaríkjunum er talið að um 25% þjóðarinnar veikist árlega vegna neyslu matvæla ( matareitranir og matarsýkingar). Meðaltalið í Evrópuríkjum er talið um 33 %.


Með sambærilegum útreikningum má finna út að 1-2 % Íslendinga veikist árlega af matvælum og eru þá meðtaldir þeir sem veikjast í sólarlöndum.

Eins er hægt að færa rök fyrir því að starf heilbrigðiseftirlitsins sé mjög ódýrt miðað við árangur og þá gífurlegu fjölbreytni og breidd sem er í starfi þeirra.

Lokaorð: Verði frumvarpið að lögum óttast ég að þar sé verið að gefa út óútfyllta ávísun á einkavæðingu opinbers eftirlits og þar með mun dýrara eftirlit fyrir fyrirtæki landsins. Í núverandi kerfi geta fyrirtækin ráðið sér hverja þá þjónusuaðila sem þeir vilja til að bæta rekstur sinn og innra eftirlit. Ef fyrirtækin eru með gæði innra eftirlits eða gæðastýringu sem er umfram það sem krafist er í reglugerðum er heimilt að umbuna þeim með lægri eftirlitsgjöldum ( ákvæði í öllum gjaldskráum Hes vegna samræminga frá Umhverfissráðuneyti á sínum tíma).

Venjan er hins vegar að slík fyrirtæki reyni útflutning og þá krefst móttökulandið eða EB mun meira opinbers eftirlits en áður var.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

  
Valdimar Brynjólfsson  
framkvæmdastjóri